



# Samfélagsskýrsla Skinneyjar - Þinganes 2023





# Um skýrsluna

Skinney-Þinganes hf. gefur nú út samfélagsskýrslu fjórða árið í röð sem er til marks um vilja og skuldbindingu fyrirtækisins til þess að vera samfélagslega ábyrgt og hafa jákvæð áhrif í samfélaginu.

Í skýrslunni er fjallað um helstu ófjárhagslega þætti starfseminnar og er hún unnin í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq kauphallarinnar, útgáfu 2.0 frá febrúar 2020 (EGS Reporting Guide 2.0).

Staðlarnir í leiðbeiningunum skiptast í þrjá flokka, U fyrir umhverfisþætti, F fyrir félagslega þætti og S fyrir stjórnarhætti.

Skinney-Þinganes vill vera góð fyrirmynd í samfélagslegri ábyrgð og er samfélagsskýrslunni m.a. ætlað að gefa greinargott yfirlit á árangur félagsins í sjálfbærnimálum og auka þar með gagnsæi á starfsemi félagsins.

Upplýsingar í skýrslunni eru afmarkaðar við móðurfélagið Skinney - Þinganes hf. og dótturfélag þess Útgerðarfélagið Vigur ehf. nema annað sé tekið fram. Skýrslan tekur til ársins 2023 og eru allar upplýsingar í skýrslunni í samræmi við bestu þekkingu sem við höfum yfir að búa á þeim tíma sem skýrslan er rituð en er ekki tæmandi úttekt á öllum þeim áhrifum sem Skinney – Þinganes hefur á umhverfi, samfélag og efnahag.

Stjórn Skinneyjar-Þinganes hf. hefur samþykkt útgáfu skýrslunnar.



# Árið 2023 í hnotskurn

Þrátt fyrir margvíslegar áskoranir þá gekk rekstur Skinneyjar-Þinganes vel á síðasta rekstrarári og afkoma félagsins góð.

Sú vísa verður aldrei of oft kveðin hversu mikilvægar samgöngur eru fyrir okkar byggðarlag í Hornafirði og þá sérstaklega að tryggð sé örugg siglingaleið um Hornafjarðarós, lífæð samfélagsins. Það var okkur því léttir að heyra að gerð hefði verið framkvæmdaáætlun um viðveru dýpkunarskips í vetur sem myndi viðhalda dýpi á Grynslunum. Í janúar kom svo skip frá Björgun ehf. sem var hér og sinnti dýpkun. Einnig er nú unnið að rannsóknum á leiðigörðum fyrir utan Ósinn í samvinnu við danska straumfræðinga og fróðlegt verður að sjá útkomu þess verkefnis.

Uppsávarveiðar og vinnsla gengu vel á árinu. Það náðist að fullnýta veiðiheimildir okkar og verð á mörkuðum fyrir frystar afurðir voru góð. Einnig voru markaðir fyrir mjöl og lýsi sterkir, sem skiluðu sér í góðri afkomu.

Við gerðum út 3 skip til togveiða og svo Vigur til línuveiða í krókaafلامarkskerfinu. Veiðar og vinnsla á bolfiski gengu vel og stöðug vinnsla var í bolfiskhúsum félagsins á Höfn og í Þorlákshöfn, ef frá eru taldar sumarlokanir. Markaðir fyrir bolfisk hafa haldist nokkuð stöðugir.

Engar humarveiðar voru heimilaðar, þriðja árið í röð.

Ákvað stjórn félagsins að halda til streitu fyrirhuguðum fjárfestingum í uppsjávarvinnslu á Höfn. Þessar fjárfestingar eru helst bygging nýs sjálfvirks frystiklefa, og uppsetning á spennuvirki og nýrri landtengingu fyrir nýju uppsjávarskipin. Einnig er fyrirhuguð töluverð endurnýjun á uppsjávarlínu og í fiskimjölsverksmiðju félagsins í Óslandi á Höfn.





# Árið 2023 í hnotskurn

Frá og með makrílvertíð 2024 munum við taka við meiri uppsjávarfiski á Höfn þegar útgerðarfélagið Gjögur hf. hefur löndun á uppsjávarafla hjá okkur.


Til stendur að nýtt uppsjávarskip okkar sem fær nafnið Ásgrímur Halldórsson SF 250 mun verða tilbúið til afhendingar í nóvember árið 2025.

Í lok ársins 2023 keypti félagið 50% af hlutafé í Raf-Horni ehf. en fyrir átti félagið 50% eignarhlut. Í framhaldi af kaupunum var Raf-Horn sameinað dótturfélagi Skinneyjar-Þinganes, Vélsmiðjunni Foss ehf. og fékk sameinað félag nýtt nafn, Horn raf og vélaverkstæði ehf.

Á árinu 2023 var hafist handa við skógrækt á jörðinni Selbakka á Mýrum. Það verkefni er hugsað sem nytjaskógur til kolefnisbindingar en einnig að skógurinn nýtist sem skjólbelti fyrir kornrækt. Flateyjarbúið ehf., sem er í helmingseigu Selbakka ehf. á móti Kirkjusandi ehf., hefur verið að auka við kornrækt á undanförunum árum. Í fyrra stóð búið fyrir stofnun kornsamlags og með loforði um styrkveitingu frá stjórnvöldum var fjárfest í kornþurrkara. Var hann reistur norðan við Flateyjarbúið og tekinn í notkun síðasta haust.

Dótturfélag okkar Krossey ehf. er nú skráð fyrir 12% hlut í laxeldisfyrirtækinu Ice Fish Farm AS, sem heitir nú Kaldvík. Slátrað var 4-5 þús. tonnum og er gert ráð fyrir að slátra um 20 þúsund tonnum á þessu ári.

Félagið MarPet ehf., sem framleiðir gæludýrasnakk úr aukaafurðum sem falla til við hefðbundna framleiðslu er nú að reyna fyrir sér á Bandaríkjamarkaði.





# Árið 2023 í hnotskurn

Skinney-Þinganes hefur á undanförunum árum unnið markvisst í því að gera starfsemi fyrirtækisins umhverfisvænni, mælt er kolefnisspor og leitað leiða við að gera enn betur og nýjasta tækni notuð, sem leiðir til grænna skrefa. Stór áfangi í þeirri vegferð var rafvæðing fiskimjölsverksmiðju árið 2014 og hefur verksmiðjan hefur alfarið verið keyrð af grænni orku frá þeim tíma. Skömmu fyrir áramótin síðustu tilkynnti hins vegar Landsvirkjun mun að ekki yrði afhend skerðanlega orku í vetur og ekki yrði unnt að kaupa forgangsorku sem varaleið. Snarlega var brugðist við og fundin færánlegur oliuketill á fleti og var hann orðinn klár áður en væntanleg loðnuvertíð átti að hefjast, vertíð sem því miður varð ekki.

Af innri starfsemi þá hefur áfram verið unnið af krafti í öryggismálum og skilaði það sér í því að fyrirtækið fékk Forvarnarviðurkenningu VÍS í flokki stærri félaga í lok febrúar 2024. Þetta er umbun fyrir það góða starf sem unnið hefur verið í öryggismálum félagsins. Félagið hefur einnig tekið í notkun og aðstoðað við þróun öryggisappsins Öldu sem hefur það markmið að efla öryggismenningu sjómanna og halda utan um alla þætti er varða öryggi til sjós.

*Sigurður Ægir Birgisson, stjórnarformaður*





# Um Skinney – Þinganes

Skinney-Þinganes hf. er íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki. Megin starfsemi samstæðunnar felst í matvælaframleiðslu en samstæðan rekur útgerð, fiskvinnslur, fiskimjölsverksmiðju og sölustarfsemi. Félög innan samstæðunnar koma einnig að rekstri og leigu fasteigna og bújarða, þátttöku í öðrum félögum, svo sem laxeldi, framleiðsla á gæludýrafóðri, fiskþurrkun og annarri skyldri starfsemi.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu, Skinney-Þinganesi hf. og dótturfélögum þess, Þingey ehf., Útgerðarfélagið Vigur ehf., Selbakki ehf., Horn raf og vélaverkstæði ehf., Marine PetTreats ehf., Krossey ehf. og Hvanney ehf.

Skinney – Þinganes leggur áherslu á ábyrgar fiskveiðar, framleiðslu á gæðavörum úr villtu sjávarfangi og traust viðskipti. Á árinu 2023 gerði samstæðan út sex fiskiskip, tvö uppsjárskip, þrjú togskip og einn línubát. Samstæðan hefur yfir að ráða aflaheimildum úr margvíslegum nytjastofnum á Íslandsmiðum. Afli af skipum félagsins er unninn í verksmiðjum félagsins, fjölbættri vinnslu fyrir uppsjárþorsk, bolþorsk á Höfn, fiskimjölsverksmiðju á Höfn, ásamt vinnslu á bolþorski í Þorlákshöfn. Hlutdeildarfélag Skinneyjar-Þinganes, Iceland Pelagic ehf. og StorMar ehf. sjá um að selja stærstan hluta afurða félagsins um allan heim. Aukin eftirspurn er eftir sjávarafurðum sem veiddar eru með ábyrgum eða sjálfbærum hætti, t.d. úr MSC vottuðum fiskistofnum og aukin áhersla á rekjanleika afurðanna.

Starfsmenn samstæðunnar voru 320 í árslok 2023.

Samstæðan hefur markvisst unnið að aukinni verðmætasköpun og sjálfbærni með innri þróun og nýsköpun að leiðarljósi.





# Samfélagsábyrgð

Skinney-Þinganes hf. leggur áherslu á samfélagsábyrgð og vill starfa í sátt við umhverfið og samfélagið. Skinney – Þinganes rekur starfsemi á tveimur stöðum á landinu, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn. Á Höfn er samstæðan stærsti einstaki vinnuveitandinn. Allar stórar aðgerðir samstæðunnar eru því vegnar og metnar út frá áhrifum á byggðarlagið og samfélagið. Það sama má segja um Þorlákshöfn þó að vinnumarkaðssvæðið þar sé stærra. Skinney – Þinganes hefur stutt við framgang ýmissa samfélagslegra verkefna, eins og að byggja knattús árið 2008, opna skemmtistað árið 2017 og stutt um árabíl við íþrótt- og menningarstarf með styrkjum til einstaklinga og fyrirtækja sem og önnur góðgerðarfélög.

Á aðalfundi félagsins þann 19. apríl 2023 var samþykkt tillaga stjórnar Skinneyjar-Þinganess um að félagið legði fram kr. 200 milljónir til byggingar nýs húsnæðis undir starfsemi Björgunarfélags Hornafjarðar og Slysavarnaeildarinnar Framtíðarinnar. Styrkurinn verður greiddur eftir framvindu verkefnisins og þegar hafa 12 millj. kr. verið greiddar.

Vart þarf að taka fram mikilvægi Björgunarfélagsins fyrir allt samfélagið á Hornafirði, sem og við landsmenn alla og ferðamenn. Björgunarfélagið stendur nú frammi fyrir því að þurfa að endurnýja aðstöðu sína til að geta haldið áfram að vera öryggisventill okkar allra en m.a. þarf að endurnýja húsakost félagsins og Slysavarnaeildarinnar Framtíðarinnar. Er styrkurinn m.a. veittur í tilefni af væntanlegu 80 ára afmæli Skinneyjar-Þinganess á árinu 2026.

Skinney-Þinganes hefur innan vébanda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvergi undirritað stefnu um samfélagsábyrgð sem grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Grunnildi stefnunnar eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 14 (Líf í hafi) og 9 (Nýsköpun og uppbygging). Stefnuna er að finna inná heimasíðu Skinneyjar – Þinganess; [www.sth.is](http://www.sth.is)





# Aðild að samtökum

Skinney-Þinganes hf. er aðili að eftirfarandi samtökum:





# Vottuð gæðakerfi

Á undanförunum árum hefur Skinney-Pinganes innleitt margvísleg vottuð gæðakerfi til að tryggja rekjanleika, stöðluð vinnubrögð og gæði afurða sem unnar eru hjá fyrirtækinu, sem undirstrikar áherslu félagsins um góða umgengni og virðingu fyrir auðlindinni.

## IFS Vottun

Bolfiskvinnslur félagsins eru með IFS vottun en IFS er alþjóðlega viðurkenndur staðall undir merkjum GFSI (Global Food Safety Initiative). Staðallinn leggur áherslu á matvælaöryggi, gæði, lögmæti og áreiðanleika. Vottunin sýnir fram á að gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins standist ítrustu gæðakröfur sem settar eru á matvælaframleiðslur á alþjóðavísu.



## MSC Vottun

MSC vottun staðfestir að fyrirtækið uppfylli kröfur Marine Stewardship Council um rekjanleika sjávarafurða úr sjálfbærum fiskistofnum. Fyrirtækið er aðili að Icelandic Sustainable Fisheries sem aflar vottana gagnvart staðli MSC á veiðarfæri og fiskistofna sem nýttir eru við Ísland. MSC vottunarnúmer Skinneyjar-Pinganess er MSC-C-54351.



## Marin Trust & FEMAS Vottun

Fiskimjölsverksmiðja félagsins er Marin Trust vottuð, sem vottar sjálfbæran uppruna afurðanna auk FEMAS vottunar sem er bresk vottun um ábyrga framleiðsluhætti.





# Umhverfispættir

## Ábyrgar fiskveiðar

Það er stórt efnahagslegt og félagslegt hagsmunamál að ástand fiskistofna sé gott og að upplýsingar um veiðar og umgengni við vistkerfi hafsins séu traustar, rekjanlegar og gagnsæjar. Ábyrgar fiskveiðar eru grunnur að öllu starfi Skinneyjar-Þinganes. Samstæðan starfar í samræmi við gildandi lög og reglur um fiskveiðar og umgengni um nytjastofna sjávar með það að markmiði að tryggja sjálfbæra og ábyrga nýtingu sjávarauðlinda.


Samstæðan fylgir ströngum kröfum um meðferð hráefnis sem og útbúnað vinnslu og skipa. Til að tryggja rekjanleika, stöðluð vinnubrögð, gæði og öryggi afurða sem unnar eru hjá Skinney-Þinganesi er unnið eftir HACCP gæðakerfi (Hazard Analysis and Critical Control Points), kröfum MAST og ýmsum sérleyfismörkuðum ásamt alþjóðlega vottuðum stöðlum. Margvíslegar vottanir hafa verið staðfestar af ytri aðilum eins og MSC (Marine Stewardship Council), FEMAS (Feed Material Assurance Scheme), MARIN TRUST (IFFO Global Standard for Responsible Supply) og IFS (The International Featured Standard). Skinney – Þinganes hf. er jafnframt hluthafi í Iceland Sustainable Fisheries og aðili að Iceland Responsible Fisheries, sem undirstrikar áherslu félagsins um góða umgengni og virðingu fyrir auðlindinni.

## Framþróun í umhverfismálum

Á grundvelli samfélagsstefnu sinnar hefur Skinney-Þinganes sett sér skýr markmið í umhverfismálum. Samstæðan vill bæta hringrásina með því að nýta auðlindir hafsins á sjálfbæran og lögmætan hátt og leitast samstæðan við að búa til verðmæti úr öllu hráefni.

Góð nýting hráefnis í fiskvinnslum og fiskimjölsverksmiðju félagsins hefur verið lykilþáttur í lágmörkun á úrgangi þvert á allt fyrirtækið. Samstæðan leitast við að flokka allt sorp sem fellur til á sjó og landi og koma veiðarfærum í endurvinnslu.

Á árinu 2020 hóf dótturfélag Skinneyjar-Þinganes, Marine PetTreats ehf. framleiðslu gæludýrafóðurs úr sjávarafurðum sem falla til frá fiskvinnslum Skinneyjar-Þinganes. Starfsemin miðar að því að auka nýtingu og verðmæti þessara afurða.






# Umhverfispættir

Stefna samstæðunnar er einnig að lágmarka sótsporið m.a. með því að mæla og meta losun á gróðurhúsalofttegundum og nýta tækifæri til að takmarka og draga úr umhverfisáhrifum í samræmi við tæknipróun. Á árinu 2023 hófst markviss vinna við að skilgreina lykilmælikvarða í umhverfismálum ásamt öðrum ófjárhagslegum lykilmælikvörðum. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki á árinu 2024.

Samstæðan vinnur að frampróun umhverfismála með stýringu þeirra þátta sem valda neikvæðum umhverfisáhrifum. Þannig hefur félagið ráðist í ýmsar aðgerðir til að minnka útblástur og önnur áhrif á umhverfið sem leiðir af starfsemi þess. Stærsta aðgerðin á undanförunum árum var rafvæðing fiskimjölsverksmiðju Skinneyjar-Þinganes sem hefur verið keyrð á rafmagn frá árinu 2014. Stefna félagsins er að kaupa einungis bifreiðar og lyftara sem nýta rafmagn að hluta eða öllu leiti og hefur félagið jafnframt dregið stórlega úr flutningum á hráefni milli vinnsluhúsa félagsins á Höfn með tilkomu lagna sem lagðar voru undir höfnina í stað þess að aka með það á milli húsa. Þá hefur Skinney-Þinganes lagt mikið upp úr góðri umgengni við hús sín og tekið upp markvissa flokkun á sorpi. Endurnýjun í skipaflota félagsins á síðastliðnum árum hefur dregið úr olíunotkun.

Í lok árs 2021, samdi Skinney-Þinganes um smíði á nýju uppsjávarskipi sem mun einnig draga úr olíunotkun og auðveldar jafnframt skipti yfir í aðra orkugjafa. Nýja skipið verður útbúið búnaði sem mun gera því kleift að nota einungis rafmagn meðan það landar og kælir hráefnið og dregur þar með úr olíunotkun. Áætlað er að skipið verði tilbúið til afhendingar í nóvember 2025.

Selbakkí ehf., dótturfélag Skinneyjar-Þinganes hf. hefur unnið að þróun kolefnisverkefnis í samstarfi við Skógrækt ríkisins sem hefur það að markmiði að binda kolefni með nýskógrækt í landi jarðarinnar Selbakka á Mýrum og þar með draga úr kolefnisspori samstæðunnar. Á árinu var gróðursetning hafin og 22.500 plöntum plantað á 9 hektara svæði. Haldið verður áfram með gróðursetningu haustið 2024.





# Umhverfisþættir


## Olíunotkun skipa

Samstæða Skinneyjar-Þinganes hf. gerði út sex fiskveiðiskip, þar af tvö uppsjávarskip, 3 fjölveiðiskip og einn línubát á árinu. Skipastóll félagsins hefur að miklu leyti verið endurnýjaður á undanförunum árum með nýrri og hagkvæmari skipum. Yngri skipin eru afkastameiri og nýta einnig eldsneytið betur. Frá upphafi hefur félagið lagt áherslu á að auka aflaheimildir og styrkja þannig rekstrargrundvöll sinn.


Tækniframfarir síðustu ára í fiskveiðum ásamt öflugu fiskveiðistjórnunarkerfi sem leitt hefur af sér sjálfbærar veiðar og hefur einnig stuðlað að minni olíunotkun. Á síðastliðnum árum hefur félagið m.a. fjárfest í léttari veiðarfærum og toghlerum sem dregið hafa úr olíunotkun skipanna. Skip Skinneyjar-Þinganes eru knúin af gasólíum. Olíunotkun skipanna hefur einnig minnkað umtalsvert með því að tengja skipin við rafmagn þegar þau leggjast við bryggju.

Mestu umhverfisáhrifin í rekstri félagsins stafa af eldsneytisnotkun fiskiskipa samstæðunnar. Samtals notuðu skip félagsins 6,3 milljónir lítra af olíu og losuðu í heildina 17.622 tonn af CO<sub>2</sub> ígildum sem er 79,4% af heildarlosun af greindu kolefnisspori félagsins sem var 22.194 tonn af CO<sub>2</sub> ígildum á árinu 2023. Ekki er enn kominn neinn raunhæfur orkugjafi til að leysa olíuna af hólmi.

Afli skipanna á árinu var samtals 79.745 tonn sem er 4,3% minni afli en frá fyrra ári. Samfara því hefur eldsneytisnotkun fiskiskipanna þó dregist saman um 22% frá árinu 2022. Olíunotkun á veiddan afla hefur jafnframt hlutfallslega minnkað (lt. olíu/ veidd tonn) eða um 17,7% frá fyrra ári og 34,7% frá árinu 2021.



# Olíulítrar á hvert veitt tonn





# Umhverfispættir

## Rafmagn

Árið 2023 var raforkunotkun Skinneyjar – Þinganes 27.471.301 kWst. Þegar það er mögulegt er leggur félagið áherslu á að nýta raforku í stað jarðefnaeldsneytis.


Félagið hefur fjárfest í rafbílum fyrir starfsstöðvar félagsins á Höfn. Ásamt því eru um helmingur af lyfturum félagsins rafmagnslyftarar. Á árinu samdi félagið við Brimborg ehf. um samstarf sem í felst að við endurnýjun í bílaflota samstæðu sinnar á næstu fjórum árum mun Skinney-Þinganes leitast við að finna hentugar umhverfisvænni lausnir í bílaframboði Brimborgar, sem hefur verið leiðandi hér á landi í vistvænum bílum en eins og fyrr segir er að stefna félagsins að kaupa einungis bifreiðar sem nýta rafmagn að hluta eða öllu leyti.

Raforkunotkun fiskimjölsverksmiðjunnar var 20.001.167 kWst á árinu og alls tók verksmiðjan á móti 38.004 tonnum af hráefni sem samsvarar 526 kWst á hvert hráefnistonn.

Í lok árs 2023, bárust tilkynningar um að nauðsynlegt væri að skerða sölu á ótryggðu rafmagni. Það kom niður á öllum fiskimjölsverksmiðjum á landinu, m.a. verksmiðju Skinneyjar-Þinganes. Fiskimjölsverksmiðja félagsins hefur frá árinu 2014 alfarið verið keyrð á rafmagni og hefur hingað til geta samið um forgangsorku þar til nú. Af þeim sökum varð félagið að kaupa og setja upp olíuketil til þess að hafa varaafli þegar ekki er til næg raforka.

## Raforkunotkun fiskimjölsverksmiðju

kWst á hvert hráefnistonn



# Umhverfispættir

## Úrgangur

Góð nýting hráefnis í fiskvinnslum og fiskimjölsverksmiðju félagsins hefur verið lykilþáttur í lágmörkun úrgangs en einnig hefur áhersla verið lögð á flokkun á sorpi þvert á allt fyrirtækið.

Allan úrgang sem fellur til á sjó er farið með í land samkvæmt reglum um losun á sorpi frá skipum í sjó í V. viðauka Marpol samningsins.

Á árinu 2020 hóf dótturfélag Skinneyjar-Þinganes, Marine PetTreats ehf. framleiðslu gæludýrafóðurs úr sjávarafurðum sem falla meðal annars til frá fiskvinnslum Skinneyjar-Þinganes. Starfsemin miðar að því að auka nýtingu þessara afurða. Reynir félagið nú fyrir sér á Bandaríkjamarkaði.

Á árinu 2021 gerðist veiðarfæraferð Skinneyjar-Þinganes móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang til endurvinnslu og tekur því nú við úreltum veiðarfærum sínum og annarra útgerða og sér til þess að séu hreinsuð, flokkuð og send til endurvinnslu. Á árinu 2023 voru 38 tonn af úreltum veiðarfærum send til endurvinnslu.





# Umhverfispættir

| Vísir  | Eining                | 2021          | 2022          | 2023          | Athugasemdir |
|--|-----------------------|---------------|---------------|---------------|--------------|
| <b>U1. Losun gróðurhúsalofttegunda</b>         |                       |               |               |               |              |
| <b>U1-1 Umfang 1</b>                           | <b>tCO2íg</b>         | <b>20.690</b> | <b>22.176</b> | <b>17.692</b> |              |
| Umfang 1: Eldsneyti                            | tCO2íg                | 20.665        | 22.117        | 17.622        |              |
| Umfang 1: Kælimiðlar                           | tCO2íg                | 25            | 59            | 70            |              |
| <b>U1-2 Umfang 2</b>                           | <b>tCO2íg</b>         | <b>220</b>    | <b>290</b>    | <b>269</b>    |              |
| Umfang 2: Rafmagn                              | tCO2íg                | 220           | 290           | 269           |              |
| <b>U1-3 Umfang 3</b>                           | <b>tCO2íg</b>         | <b>5.590</b>  | <b>5.240</b>  | <b>4.233</b>  |              |
| Umfang 3: Eldsneytis- og orkuframleiðsla       | tCO1íg                | 4.732         | 5.068         | 4.042         |              |
| Umfang 3: Úrgangur                             | tCO2íg                | 108           | 103           | 101           |              |
| Umfang 3: Flutningur og ferðalög               | tCO2íg                | 471           | 68            | 51            |              |
| Umfang 3: Innkaup - veiðafæri                  | tCO2íg                |               |               | 39            |              |
| <b>Samtals</b>                                 | <b>tCO2íg</b>         | <b>26.221</b> | <b>27.705</b> | <b>22.194</b> |              |
| <b>U2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda</b> |                       |               |               |               |              |
| Losunarkræfni orku                             | kgCO2i/MWst           | 252           | 230           | 225           |              |
| Losunarkræfni starfsmanna                      | tCO2i/stöðugildi      | 90            | 91            | 84            |              |
| Losunarkræfni á hvern fermeter                 | kgCO2i/m <sup>2</sup> | 886           | 927           | 742           |              |
| Losunarkræfni heildartekna                     | kgCO2i/pús. kr.       | 1,99          | 1,66          | 1,25          |              |

# Umhverfispættir

| Vísir   | Eining              | 2021               | 2022               | 2023              | Athugasemdir |
|---|---------------------|--------------------|--------------------|-------------------|--------------|
| <b>U3. Orkunotkun</b>   |                     |                    |                    |                   |              |
| Heildarmagn beinnar orkunotkunar  | kWst                | 80.211.099         | 85.797.103         | 68.349.333        |              |
| Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar   | kWst                | 25.046.284         | 34.843.889         | 31.207.264        |              |
| <b>Heildarorkunotkun</b>  | <b>kWst</b>         | <b>105.257.383</b> | <b>120.640.993</b> | <b>99.556.597</b> |              |
| <b>U4. Orkukræfni</b>   |                     |                    |                    |                   |              |
| Orkukræfni starfsmanna  | kWst/stöðugildi     | 359.240            | 396.845            | 377.108           |              |
| Orkukræfni veltu  | kWst/pús. kr.       | 7,9                | 7,2                | 5,6               |              |
| Orkukræfni á fermetra   | kWst/m <sup>2</sup> | 3.521              | 4.035              | 3.330             |              |
| Orkukræfni veiða  | kWst/veitt tonn     | 1.714              | 1.448              | 1.248             |              |
| <b>U5. Samsetning orku</b>  |                     |                    |                    |                   |              |
| Jarðefnaeldsneyti   | %                   | 76%                | 71%                | 69%               |              |
| Endurnýjanleg orka  | %                   | 24%                | 29%                | 31%               |              |
| <b>U6. Vatnsnotkun</b>  |                     |                    |                    |                   |              |
| Kalt vatn   | m <sup>3</sup>      | 538.968            | 310.253            | 358.803           |              |
| <b>U7. Umhverfisstarfsemi</b>   |                     |                    |                    |                   |              |
| Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?                                    | já/nei              | já                 | já                 | já                |              |
| Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum? | já/nei              | já                 | já                 | já                |              |
| Notar fyrirtækið viðurkennt orkustjórnunarkerfi?                                | já/nei              | nei                | nei                | nei               |              |



# Umhverfispættir

| Vísir  | Eining   | 2021    | 2022    | 2023    | Athugasemdir                      |
|--|----------|---------|---------|---------|-----------------------------------|
| <b>U8. Loftslagseftirlit stjórnar</b>  |          |         |         |         |                                   |
| Hefur stjórn yfirumsjón með/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?              | já/nei   | nei     | nei     | nei     |                                   |
| <b>U9. Loftslagseftirlit stjórnenda</b>                                      |          |         |         |         |                                   |
| Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu? | já/nei   | nei     | nei     | nei     |                                   |
| <b>U10. Mildun loftslagsáhættu</b>   |          |         |         |         |                                   |
| Fjárfestingar í loftslagstengdum innviðum og vöruþróun                       | þús. kr. | 212.821 | 263.556 | 284.083 | Áætlað 1,6% af ársveltu félagsins |


# Félagslegir þættir

## Mannauður

Hjá Skinney-Þinganesi hf. starfa yfir 300 manns sem með hæfni sinni og reynslu tryggja gæði afurða og góða umgengni á sjó og í landi. Bakgrunnur, þjóðerni, menntun og aldur starfsfólksins er ólíkur en hópurinn er samhentur. Mikil þekking á ólíkum sviðum er til staðar innan fyrirtækisins. Á árinu 2023 gerði samstæða Skinneyjar - Þinganes hf. út sex fiskiskip með samtals um 90 sjómönnum, við landvinnslurnar starfa nálægt 140 manns og í hinum ýmsu stoðdeildum (veiðarfæragerð, vélaverkstæði, rafmagnsverkstæði, viðhaldi fasteigna, þrífadeild, mötuneyti og skrifstofu) starfa nálægt 70 manns. Lögð er áhersla á að tryggja góðan aðbúnað starfsfólks og eru öryggismál í fyrirrúmi. Tækniframfarir hafa leitt til öruggari starfsumhverfis og létt á mannaflapörf en með auknum umsvifum og fjárfestingum hefur fyrirtækið getað tryggt sama fjölda fólks atvinnu ásamt. Yfir sumartímenn hafa ungmenni verið ráðin til starfa, einkum í bolfiskvinnslu.


## Jafnlaunavottun

Skinney - Þinganes hf. hlaut endurvottun á jafnlaunakerfi sínu í mars 2023, en meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Jafnlaunastefnu Skinneyjar - Þinganes má finna á heimasíðu félagsins [www.sth.is/jafnlaunastefna](http://www.sth.is/jafnlaunastefna). Í jafnréttisáætlun Skinneyjar-Þinganes hefur það markmið verið sett að útrýma óútskýranlegum mun launa. Launagreiningar á launum starfsmanna sýna að ekki hefur mælst óskýrður launamunur kynja.



## JAFNLAUNAVOTTUN 2023 - 2026

### Kynjahlutfall starfsfólks í prósentum





# Félagslegir þættir

## Mannréttindi, spilling, mútur og siðferði

Skinney-Þinganes virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Fyrirtækið hefur sett sér stefnu gegn spillingu og mútum. Í lok árs 2022 fóru fiskvinnslur Skinneyjar-Þingness á Höfn og í Þorlákshöfn báðar í tveggja stoða SMETA úttekt (Sedex Members Etical Trade Audit). Í úttektinni eru félagslegir þættir teknir út af óháðum úttektaraðila. Úttektin tók m.a. til launa og vinnutíma starfsfólks og heilsu og öryggis starfsfólks á vinnustaðnum.

Samstæðan hefur sett sér reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögprot eða aðra ámælisverða háttsemi í samræmi við 5. gr. laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara.

## Fræðsla starfsmanna

Skinney-Þinganes leggur áherslu á fræðslu og þjálfun starfsmanna og er endurþjálfun og námskeið mikilvægur partur í að gæðakerfi félagsins virki eins en þeim er ætlað. Tilgangur þjálfunar er jafnframt ætlað að stuðla að auknu öryggi og vellíðan starfsmanna á vinnustaðnum.

Á árinu 2023 voru alls 35 námskeið skráð á þjálfunaráætlun í fiskvinnslum félagsins í Krossey á Höfn og í Þorlákshöfn. Hægt var að ljúka við öll þau námskeið á árinu. Hluti námskeiðanna var fyrir alla starfsmenn í fiskvinnslunum á meðan önnur voru fyrir ákveðna starfsmenn eða valkvæð. Árleg endurþjálfun var fyrir alla starfsmenn í fiskvinnslunum, HACCP 3 námskeið, námskeið um innri úttektir, almenn umgengi um lagera og ábyrgð og helstu breytingar á IFS staðli eru dæmi um þau námskeið/þjálfun sem lokið var árið 2023.

Árið 2024 verður rafræna fræðslukerfið LearnCove tekið í notkun. Undirbúningsvinna hefur átt sér stað þar sem kennsluefni hefur verið uppfært og útbúið.





# Félagslegir þættir

## Öryggismál

Stefna Skinneyjar - Þinganes er að hafa öryggismál að leiðarljósi og tryggja þannig öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi á öllum starfsstöðvum. Yfirmenn bera ábyrgð á öryggismálum sinnar deildar og innan Skinneyjar - Þinganes eru starfandi öryggisnefndir. Hlutverk þeirra er að skipuleggja aðgerðir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins. Einnig er hlutverk þeirra að sjá um fræðslu til starfsmanna um þessi málefni, hafa eftirlit með og framfylgja öryggisstefnu fyrirtækisins.

Á árinu var tekið upp rafræna atvikaskráningarkerfið ATVIK í fiskvinnslu Skinneyjar-Þinganes á Höfn. Kerfið heldur utan um öll atvik sem snúa að öryggi starfsfólks í vinnuumhverfinu. Starfsfólk getur skráð atvik sem snúa að öryggi og aðbúnaði þeirra á vinnustaðnum í gegnum kerfið. Unnið verður að innleiðingu kerfisins á fleiri starfsstöðvar á árinu 2024.

Skinney-Þinganes og dótturfélag þess Horn hafa tekið upp reglulegt eldvarnaeftirlit sem byggir á gátlistum Eldvarnabandalagsins. Eftirlitinu er framfylgt af eigin eldvarnafulltrúm fyrirtækjanna.

Á árinu 2022 hóf Skinney-Þinganes hf. nýja vegferð í öryggismálum sjómanna í samstarfi við Öryggisstjórnun ehf. með undirritun á þjónustusamningi til þriggja ára. Markmið samstarfsins er að koma samræmdum og stafrænum áherslum í skipulag og framkvæmd öryggismála til sjós. Í samstarfinu verður einnig lögð áhersla á að öryggismál Skinneyjar-Þinganes uppfylli alþjóðlega staðla sem snúa að öryggismálum til sjós og lands.

Unnið er að ákvörðun lykilmælikvarða tengdum mannaúði og öryggismála og er áætlað að sú vinna ljúki á árinu 2024.





# Félagslegir þættir

| Vísir   | Eining | 2021  | 2022  | 2023  | Athugasemdir  |
|---|--------|-------|-------|-------|---------------|
| <b>F1. Launahlutfall forstjóra</b>  |        |       |       |       |               |
| Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi | x:1    | 5,3   | 5,2   | 4,7   |               |
| Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu í skýrslugjöf til yfirvalda?                               | já/nei | nei   | nei   | nei   |               |
| <b>F2. Launamunur kynja</b>   |        |       |       |       |               |
| Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla (x) og miðgildis launagreiðslna kvenna                        | x:1    | 1,57  | 1,38  | 1,21  | Störf í landi |
| <b>F3. Starfsmannavelta</b>   |        |       |       |       |               |
| Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi   | %      | 18,5% | 29,4% | 16,9% | Störf í landi |
| <b>F4. Kynjafjölbreytni</b>   |        |       |       |       |               |
| Karlar í heild  | %      | 68,2% | 71,9% | 72,6% |               |
| Konur í heild   | %      | 31,8% | 28,1% | 27,4% |               |
| Karlar í landi  | %      | 50,5% | 60,8% | 61,4% |               |
| Konur í landi   | %      | 49,5% | 39,2% | 38,6% |               |
| <b>F5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta</b>   |        |       |       |       |               |
| Starfsfólk í hlutastarfi  | %      | -     | 12,6% | 12,2% |               |
| Verktakar og ráðgjafar  | %      | -     | -     | -     |               |

# Félagslegir þættir

| Vísir   | Eining | 2021 | 2022 | 2023 | Athugasemdir   |
|---|--------|------|------|------|--|
| <b>F6. Aðgerðir gegn mismunun</b>   |        |      |      |      |  |
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?                  | já/nei | já   | já   | já   | Öryggisstefna, jafnréttisáætlun og samfélagsstefna Skinneyjar - Þinganes <a href="https://samfelag.sfs.is/">https://samfelag.sfs.is/</a> |
| <b>F7. Vinnuslysatiðni</b>  |        |      |      |      |  |
| Tíðni slysatengdra atvika, sem hlutfall af heildarfjölda starfsfólks                            | %      | 1,4% | 2,7% | 2,8% |  |
| <b>F8. Hnattræn heilsa og öryggi</b>  |        |      |      |      |  |
| Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi? | já/nei | já   | já   | já   | Öryggisstefna og samfélagsstefna Skinneyjar -Þinganes <a href="https://samfelag.sfs.is/">https://samfelag.sfs.is/</a>                    |
| <b>F9. Barna- og nauðungarvinna</b>   |        |      |      |      |  |
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?                                | já/nei | já   | já   | já   | Samfélagsstefna Skinneyjar-Þinganes <a href="https://samfelag.sfs.is/">https://samfelag.sfs.is/</a>                                      |
| Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?             | já/nei | já   | já   | já   |  |
| <b>F10. Mannréttindi</b>  |        |      |      |      |  |
| Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?  | já/nei | já   | já   | já   | Samfélagsstefna Skinneyjar-Þinganes <a href="https://samfelag.sfs.is/">https://samfelag.sfs.is/</a>                                      |
| Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda?                                   | já/nei | nei  | nei  | nei  |  |



# Stjórn og stjórnendur 2023

Stjórn Skinneyjar-Pínganess gegnir mikilvægu eftirlitshlutverki með rekstri félagsins og fylgist með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Stjórnin setur félaginu markmið í samræmi við tilgang þess og markar þá meginstefnu sem farin skal til að ná settum markmiðum.

Stjórnarmenn eru með fjölbreytta menntun og reynslu, m.a. úr viðskiptum og sjávarútvegi og er á misjöfnum aldri.

## Stjórn Skinneyjar-Pínganess hf. skipa:

Sigurður Ægir Birgisson, stjórnarformaður

Elín Arna Gunnarsdóttir

Friðrik Þór Ingvaldsson

Katrín Ásgrímsdóttir

Margrét Ingólfssdóttir


## Í framkvæmdastjórn félagsins eru:

Aðalsteinn Ingólfsson, forstjóri

Ásgeir Gunnarsson, framkvæmdastjóri veiða

Guðrún Ingólfssdóttir, fjármálastjóri

Ingvaldur Mar Ingvaldsson, framkvæmdastjóri bolfisks



# Stjórnarhættir

Stjórn og fyrirsvarsmenn Skinneyjar-Pinganes hf. leggja ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum sem markast fyrst og fremst af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, starfsreglum stjórnar, settar á grundvelli 5. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga og samþykktum félagsins. Stjórn félagsins hefur til hliðsjónar leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. Vegna eðlis eigendahóps félagsins víkur félagið frá tilmælum leiðbeininganna um óhæði stjórnar. Jafnframt hefur hingað til hvorki verið talið þörf á að skipa tilnefningarnefnd né starfskjaranefnd og hefur stjórnin sjálf séð um hlutverk þeirra.

Skinney-Pinganes hefur á grundvelli samfélagsstefnu sinnar einnig sett sér skrifleg viðmið um góða stjórnarhætti.

## Innra eftirlit og áhættustjórnun

Daglegur rekstur er í höndum stjórnenda félagsins sem leitast við að hafa virkt eftirlit með áhættuþáttum sem hafa áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Markmiðið með innra eftirliti er að félagið nái sem best markmiðum sínum en innra eftirlit er innbyggt í alla starfsemi félagsins. Stjórn ber ábyrgð á innra eftirliti og áhættustjórnun og fara stjórnendur reglulega yfir innra eftirlit og áhættuþætti með stjórn félagsins og hún upplýst um stöðu mála.

Mánaðaruppgjör gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstrarþáttum. Helstu áhættuþættir félagsins eru gengis-, vaxta- og sjóðstreymisáhætta.





# Stjórnarhættir

## Stjórn

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögðra hluthafafunda og er það sá vettvangur sem samskipti hluthafa og stjórnar fara fram. Samkvæmt samþykktum félagsins kys aðalfundur árlega fimm aðila í stjórn félagsins. Í stjórn sitja nú þrjár konur og tveir karlar og við kosningu stjórnar skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Í samræmi við samþykktir félagsins fer stjórn félagsins ásamt forstjóra með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Á árinu 2023 voru haldnir 12 stjórnarfundir.

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Gildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar á stjórnarfundum 17. maí 2023. Í starfsreglunum er meðal annars að finna ákvæði um skipan stjórnar, boðun funda og ályktunarhæfni, fundargerðarbók, reglur um þagnar- og trúnaðarskyldu stjórnarmanna og reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í meðferð mála. Einnig eru þar að finna reglur um ráðningu forstjóra, starfsskyldur stjórnar og forstjóra og eftirlitsskyldur stjórnar.

Endurskoðunarnefnd Skinneyjar-Þinganes er undirnefnd stjórnar félagsins og er skipuð af henni í samræmi við IX. kafla A. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Endurskoðunarnefnd leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Nefndin hefur sett sér starfsreglur. Eftirfarandi einstaklingar skipa endurskoðunarnefnd árið 2023: Garðar Garðarsson (formaður), Katrín Ásgrímsdóttir og Sigurður Ægir Birgisson.



# Stjórnarhættir


| Vísir   | Eining | 2021 | 2022 | 2023 | Athugasemdir |
|---|--------|------|------|------|--------------|
| <b>S1. Kynjahlutfall í stjórn</b>   |        |      |      |      |              |
| Hlutfall kvenna í stjórn  | %      | 40%  | 60%  | 60%  |              |
| Hlutfall kvenna í formennsku nefnda   | %      | -    | -    | -    |              |
| <b>S2. Óhæði stjórnar</b>   |        |      |      |      |              |
| Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?                              | já/nei | já   | já   | já   |              |
| Hlutfall óháðra stjórnarmanna   | %      | 0%   | 0%   | 0%   |              |
| <b>S3. Kaupaukar</b>  |        |      |      |      |              |
| Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?      | já/nei | nei  | nei  | nei  |              |
| <b>S4. Kjarasamningar</b>   |        |      |      |      |              |
| Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga | %      | 99%  | 99%  | 99%  |              |
| <b>S5. Siðareglur birgja</b>  |        |      |      |      |              |
| Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?                                 | já/nei | nei  | nei  | nei  |              |



# Stjórnarhættir

| Vísir   | Eining | 2021 | 2022 | 2023 | Athugasemdir   |
|---|--------|------|------|------|--|
| <b>S6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu</b>  |        |      |      |      |  |
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?                               | já/nei | já   | já   | já   | Spillingarstefna og samfélagsstefna Skinneyjar-Pínganess<br><a href="https://samfelag.sfs.is/">https://samfelag.sfs.is/</a>                              |
| Ef já, hve hátt hlutfall starfsfólks hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni?                      | %      | -    | -    | -    |  |
| <b>S7. Persónuvernd</b>   |        |      |      |      |  |
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?  | já/nei | já   | já   | já   | Persónuverndarstefna Skinneyjar-Pínganess<br><a href="https://sth.is/personuverndarstefna/">https://sth.is/personuverndarstefna/</a>                     |
| Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?   | já/nei | já   | já   | já   |  |
| <b>S8. Sjálfbæriskýrsla</b>   |        |      |      |      |  |
| Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu?  | já/nei | já   | já   | já   |  |
| Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?  | já/nei | já   | já   | já   |  |
| <b>S9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf</b>  |        |      |      |      |  |
| Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?          | já/nei | nei  | nei  | nei  |  |
| Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? | já/nei | já   | já   | já   | Áhersla er á heimsmarkmið 14,9,12,13,16,5 og 8 í samfélagsstefnu Skinneyjar-Pínganess<br><a href="https://samfelag.sfs.is/">https://samfelag.sfs.is/</a> |
| Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?                           | já/nei | nei  | nei  | nei  |  |
| <b>S10. Gögn tekin út/sannreynd af þriðja aðila</b>   |        |      |      |      |  |
| Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni árituð eða endurskoðuð af þriðja aðila?                             | já/nei | nei  | nei  | nei  |  |

# Samfélagsspor 2023



| Samfélagsspor 2021-2023               | 2021                     | 2022                     | 2023                     |
|---------------------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Tryggingagjald                        | 269.267.814 kr.          | 318.221.322 kr.          | 347.474.131 kr.          |
| Veiðigjöld                            | 360.385.587 kr.          | 421.329.022 kr.          | 513.808.521 kr.          |
| Mótframlag í lífeyrissjóð             | 440.815.475 kr.          | 491.968.343 kr.          | 551.820.303 kr.          |
| Aðrir skattar og gjöld                | 151.737.276 kr.          | 186.199.193 kr.          | 182.499.985 kr.          |
| Gjöld til hafnarsjóða                 | 125.609.366 kr.          | 160.577.458 kr.          | 189.790.352 kr.          |
| Tekjuskattur                          | 627.892.987 kr.          | 567.848.221 kr.          | 693.925.940 kr.          |
| Innheimtir skattar vegna einstaklinga | 1.474.030.305 kr.        | 1.773.780.622 kr.        | 1.995.764.868 kr.        |
| <b>Samtals</b>                        | <b>3.450.038.810 kr.</b> | <b>3.748.985.873 kr.</b> | <b>4.252.986.206 kr.</b> |

